

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. E 139/1997
komudagur 8.4.2011



Reykjavík, 5. apríl 2011

Efni: Bréf 365 til Menntamálaráðuneytisins, vegna lista yfir "mikilsverða atburði".

Til upplýsingar er hér meðfylgjandi afrit af bréfi 365 miðla ehf. til Menntamálaráðuneytisins vegna ráðgerðar reglugerðar sem mun auka samkeppnisforskot RÚV á fjölmiðlamarkaði.

Virðingarfyllst,
f.h. 365 miðla ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hildur Sverrisdóttir'.

Hildur Sverrisdóttir
lögfræðingur



Reykjavík, 4. apríl 2011

Efni: Fyrirspurn ráðuneytisins vegna reglugerðar um mikilsverða viðburði

Vísað er til bréfs Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (hér eftir ráðuneytið) dagsett 7. mars síðastliðinn þar sem óskað er eftir tillögum um viðburði sem gætu fallið undir viðmið ráðuneytisins um „mikilsverða viðburði“. Ástæðan er sögð vera að ráðherra hafi ákveðið að setja reglugerð sem muni skylda fjölmiðla til að sýna „mikilsverða viðburði“ í opinni dagskrá án endurgjalds. Eftirfarandi eru athugasemdir 365 miðla ehf. (hér eftir 365) vegna fyrirspurnarinnar.

Það er óskiljanlegt af hverju ráðuneytið hafi hug á því að setja reglugerð sem mun auka óheilbriggt samkeppnisforskot RÚV. Bæði Samkeppniseftirlitið og Eftirlitsstofnum EFTA (ESA) hafa úrskurðað sem svo að samkeppnisforskot RÚV hindri heilbrigða samkeppni á fjölmiðlamarkaði, sem stjórnvöld hafa enn sem komið er ekki brugðist við á nokkurn hátt. Nú ætlar ráðuneytið að auka samkeppnisforskot RÚV með því að setja reglugerð sem mun skylda fjölmiðla til að sýna vissa viðburði án endurgjalds. Slík reglusetning er augljóslega sett sem viðbrögð við því að 365 átti réttinn að nýfastöðnu Heimsmeistaramóti í handbolta. Ráðuneytið hefur aldrei sýnt nein viðbrögð þegar RÚV hefur hætt með viðlíka mikilsverða viðburði, sem Stöð 2 hefur ítrekað bjargað á eigin kostnað, þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að þeir viðburðir falli undir lögboðið þjónustuhlutverk RÚV. Það er ekki fyrr en RÚV hefur ekki réttinn að vinsælum og arðbærum viðburði sem ráðuneytið blandar sér í baráttuna til að styðja við bakið á RÚV.

Skýringar ráðuneytisins um að viðlíka reglugerðir hafi verið settar í mörgum ríkjum á grundvelli löggjafar Evrópusambandsins standast ekki. Þar er ekkert annað ríki með sambærilega stöðu á fjölmiðlamarkaði og hér ríkir. Hér á landi myndi slík reglusetning þýða algjöra einokun RÚV til viðlíka viðburða, ef ekkert á að aðhafast samhliða til að rétta af samkeppnisstöðuna á markaðnum að öðru leyti. Slíkar aðgerðir þyrftu til að mynda að felast í takmörkun á möguleikum RÚV til að afla kostunar og auglýsinga á markaði, til viðbótar við ríkisstyrki, til að yfirbjóða vinsælt efni af þessu tagi. Í reglusetningu af því tagi þyrfti einnig að taka fyrir fríbirtingar í RÚV og tryggja að auglýsingar séu seldar samkvæmt opinberri og gegnsæri gjaldskrá sem Samkeppniseftirlitinu yrði falið að hafa eftirlit með. Þess má geta að 365 berast nánast daglega upplýsingar um þess konar samkeppnisbrot RÚV, þó að þær séu í dag útfærðar á laumulegri hátt heldur en áður en Samkeppniseftirlitið kom með ítarlega skýrslu um brotastarfsemi RÚV í álitu sínu nr. 4/2008. Slíkar takmarkanir gagnvart RÚV eru því forsenda þess að ráðuneytið setji umrædda reglugerð á annað borð, ef hún á ekki að raska samkeppnisaðstæðum enn frekar en orðið er.

Um þessar mundir er verið að vinna að nýju fjölmiðlafrumvarpi, og er það að fara fyrir aðra umræðu á Alþingi. Í nefndaráliti meirihluta menntamálanefndar vegna frumvarpsins er ekkert vikið að ákvörðun ESA nr. 38/11/COL frá því 9. febrúar síðastliðinn. Í ákvörðuninni kemur skýrt fram að það verði í fjölmiðlalögunum sjálfum að gefa samkeppni á markaðinum fótfestu, ef koma á í veg fyrir óheilbrigða samkeppni. Því er með öllu óásættanlegt að þeim útskýringum sé haldið á lofti af stjórnvöldum að sérstaklega verði hugað að stöðu RÚV á auglýsingamarkaði í sérlögum um RÚV, þar sem það fer þvert gegn ákvörðun ESA um nauðsyn þess að huga að samkeppnismálum í heildar löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Í ákvörðun ESA kemur einnig fram að það sé brýnt að í fjölmiðlalögunum verði fundinn farvegur úrlausna í samkeppnismálum til að auka skilvirkni og gegnsæi eftirlits, eins og segir á bls. 43 í ákvörðuninni: *"The Authority requests the Icelandic authorities to include appropriate provisions in this regard in the broadcasting legislation and to ensure that there are appropriate mechanisms in place to allow the assessment of any potential complaint in an effective way at the national level."*

Það er óskiljanlegt hvers vegna sjálf Mennta- og menningarmálaráðuneytið vilji ekki stuðla að því að íslensk stjórnvöld fari eftir skuldbindingum sínum gagnvart EES rétti og taki tillit til athugasemda bærra eftirlitsaðila. Þess í stað ætlar ráðuneytið að auka á samkeppnisforskot RÚV með reglugerð sem skyldar sjónvarpsstöðvar til að sýna viðburði í opinni dagskrá án endurgjalds. Því er harðlega mótmælt.

Virðingarfyllt,



Ari Edwald
forstjóri 365 miðla ehf.